



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í tilefni af
aldarafmæli sjálfstæðis Finnlands**

Helsinki, 1. júní 2017

Forseti Finnlands og frú Jenni Haukio
Yðar hátignir, kæru vinir.

Fyrir hönd allra Íslendinga færi ég finnsku þjóðinni heillaóskir á þessari gleðistundu. Hér fögnum við aldarafmæli sjálfstæðs Finnlands, lands hinna óteljandi vatna og djúpu skóga, fögru borga og blómlegs mannlífs. Og hér stend ég í góðum hópi, við hlið þjóðhöfðingja hinna ríkjanna á Norðurlöndum.

Í hundrað ár hafa sjálfstæðir Finnar lagt sinn skerf til norræns samstarfs. Við þekkjum frá þessu skeiði finnska þjóðarleiðtoga sem fóru fyrir fólki sínu í blíðu og stríðu. Ég leyfi mér að nefna sérstaklega Mauno Koivisto, fyrrverandi forseta og forsætisráðherra, sem féll frá í síðasta mánuði í hárrí elli. Í minningarorðum var minnst á hinar stóru og sterku hendur hans, handtakið þétt að finnskum sið. Við hin ánægjulegu tímamót sem stefna okkur saman hér í dag færum við Íslendingar Finnum að gjöf listaverk eftir íslenska listamanninn Hrein Friðfinnsson. Það sýnir á táknrænan hátt gildi samvinnu, hendur sem mætast og styrkinn sem felst í hlýju handabandi.

Kæru vinir: Það var vel til fundið að gefa hinu finnska afmælisári einkunnarorðin „samman“, „yhdessä“ á finnsku. Saman myndum við á Norðurlöndum sterka heild: Ísland, Noregur, Danmörk, Svíþjóð og Finnland, auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands. Við erum ein stór fjölskylda. Öll eigum við þó okkar sérkenni. Í norrænu samstarfi vill það stundum verða svo að við Íslendingar og Finnar eigum samleið, sitjum hlið við hlið. Okkur finnst hinir skandinavísku félagar okkar þá vilja ræða viðfangsefnin fulllengi á meðan við teljum óþarft að verja mörgum orðum í það sem hægt er að segja í stuttu máli. Í þeim anda segi ég nú stutt og laggott: Til hamingju, Finnland!

Mér liggur þó fleira á hjarta. Á norrænum vettvangi eigum við Íslendingar og Finnar það líka sameiginlegt að við tölum sjaldnast okkar eigið tungumál. Í anda norrænnar samvinnu mælum við á skandinavískri tungu. Við kveinkum okkur ekki undan þessu. Á Íslandi er danska skyldufag í skólum, hér í Finnlandi er sænska annað opinberu tungumálanna. En vissulega væri gaman að geta hafið upp raust sína á eigin tungumáli. Þess vegna leyfi ég mér að segja á íslensku: *Til hamingju, Finnland!* (Á finnsku: Ég var að segja á íslensku, til hamingju Finnland!)

Kæru vinir, sönn samvinna byggist vissulega á því að við skiljum hvert annað.

Þótt við kunnum misvel tungumál hver annars þá þekkjum við hugsunarháttinn, hin norrænu gildi. Saman styðjum við mannréttindi í hvívetna, jafnrétti kynjanna og rétt þeirra sem búa við fötlun og þroskaskerðingu. Við viljum leyfa öllum að njóta grunnmenntunar án þess að efnahagur skipti sköpum og sama gildir um aðbúnað sjúkra og aldraðra. Við verjum trúfrelsi, málfrelsi og ástfrelsi, fjölbreytni, umburðarlyndi og víðsýni. Við viljum líka hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi í hörðum heimi fátæktar, styrjalda og ógnarstjórna. Um leið þurfum við að standa saman andspænis þeim ógnum sem steðja að frjálsum samfélögum, öfgafullum íslamistum og öllum þeim sem ekki viðurkenna grunnildi okkar. Og við þurfum að standa saman um aðgerðir í loftslagsmálum, við megum ekki láta næstu kynslóðir gjalda okkar eigin sinnuleysis.

Kæru gestgjafar! Hér í Finnlandi fögnum við nú aldargömlu sjálfstæði merkrar þjóðar sem þurfti að berjast fyrir rétti sínum. Á þeim hundrað árum sem nú eru liðin frá hinum miklu tímamótum hafið þið Finnar lent í mótbyr, orðið að verja sjálfstæði ykkar með öllum tiltækum ráðum. Þið hafið líka tekist á innbyrðis og glímt við efnahagsleg áföll.

En hér erum við komin saman í höfuðstað Finnlands, í frjálsum og fullvalda ríki sem er fyrirmynd annarra í mörgum eignum. Þannig státið þið Finnar af einu besta menntakerfi heimsins. Á sviði menningar og lista hafið þið líka látið ljós ykkar skína, frá Sibelius til Lordi sem gerði garðinn frægan í Eurovision. Þið færðuð okkur kvæðabálkinn Kalevala sem við Íslendingar höfum notið í íslenskri þýðingu frá miðri síðustu öld, að ekki sé minnst á Tove Jansson og töfraheim múmínálfanna. Finnsk hönnun er heimsþekkt og ekki má gleyma góðum árangri Finna í mörgum íþróttum í áranna rás. Við hin getum svo sannarlega haft til eftirbreytni lundarfar ykkar – þrjósku og þolgæði, sveigjanleika og frelsisást, jafnaðargeð og skopskyn, þótt okkur þyki það kannski stundum sérkennilegt.

Herra forseti, frú Jenni Haukio! Fyrir hönd íslensku þjóðarinnar óska ég Finnum velfarnaðar á þessari gleðistundu. Fram undan er skemmtilegur dagur,

og svo óráðin framtíðin með öllum sínum tækifærum, kostum og áskorunum.
Hún er í ykkar höndum, kæru Finnar, enn og aftur til hamingju!